



Ytri-Neslöndum
660 Mývatn
Iceland
www.fuglasafn.is
fuglasafn@fuglasafn.is
464 4477

Ársskýrsla 2009



Ársskýrsla 2009

Efnisyfirlit

Formáli	3
Opnunartími	4
Stjórn og Starfsfólk	4
Aðsókn	5
Húsnæði	7
Húsnæði	7
Safnkostur	7
Skráningarkerfi	8
Varðveisla	8
Rannsóknir	8
Miðlun	10
Önnur þjónusta	11
Rekstur	12
Mat á starfssemi	14
Næstu skref	14
Lokaorð	15

Formáli

Nú er fyrsta heila rekstrarárið að baki. Það er óhætt að segja að aðsókn að safninu hafi farið langt fram úr væntingum og sérstaklega gaman hvað gestirnir eru ánægðir og nota sterk lýsingarorð til að lýsa upplifuninni af heimsókninni í safnið. Það hefur einnig komið á óvært hvað sýningin í bátaskýlinu er vinsæl þó mikil vinna sé eftir til að klára hana. Með því að hafa fagmennskuna að leiðarljósi þá hefur okkur, með góðri hjálp, tekist að byggja og setja upp náttúrugripasafn sem er á heimsklassa. Við fáum fagfólk til að gera safnið sem best og áhugaverðast, jafnvel fólk sem segist engan áhuga hafa á fuglum dvelur tímunum saman í safninu og nýtur heimsóknarinnar.

Skólahópar úr grunnskólum hafa verið duglegir að heimsækja safnið og fræðast um fuglana. Þær Berglind Matthíasdóttir og Hafdís Bergsdóttir, útskriftarnemar úr Háskóla Íslands í kennarafræðum, gerðu fræðslufni fyrir fuglasafnið sem lokaverkefni sitt og gáfu svo safninu afraksturinn. Þarna erum við með frábært námsefni fyrir fólk á öllum aldri, allt frá leikskóla og upp í framhaldsskóla, sem er mjög mikilvægt fyrir okkur. Eins og áður hefur komið fram hafa margir aðstoðað okkur við uppbygginguna á safninu og án þeirrar hjálpar hefði safnið ekki orðið eins glæsilegt og það er í dag. Á árinu reyndum við að klára það sem útaf stóð og hefur það kostað mikla fjármuni og vinnu. Það er eiginlega ekki hægt að taka einhverja út úr og nefna þá svo ég þakka bara öllum sem aðstoðuðu okkur, hvort sem það var sjálfboðavinna, styrkir eða önnur hjálp, kærlega fyrir. Allir sem á einhvern hátt hafa komið að uppbyggingu safnsins mega vera stoltir af sínu framlagi.

Það sýnir sig að Fuglasafn Sigurgeirs er rós í hnappagat Mývatnssveitar, Norðurlands og Íslands þar sem gestir geta notið fræðslu, skemmtunar og veitinga í frábæru umhverfi.



Mynd 1 Ferðaþjónustuaðilar á Norðurlandi í heimsókn í fuglasafninu.

Opnunartími

Frá 1. janúar til 15. maí var opið frá kl. 14:00 – 16:00 virka daga og 13:00 – 16:00 um helgar.

Frá 15. maí til 30. september var safnið opið frá kl. 11:00 – 19:00 alla daga.

Frá 1. október til 31. október var opið frá kl. 12:00 – 17:00 alla daga.

Frá 1. nóvember til 31. desember var opið frá kl. 14:00 – 16:00 virka daga og 13:00 – 16:00 um helgar.

Svo hefur verið opnað ef hópar hafa pantað á öðrum tímum.

Stjórn og Starfsfólk

Safnstjóri er Pétur Bjarni Gíslason í hálfu starfi. Stefanía Stefánsdóttir er safnvörður í fullu starfi yfir sumartímann en í hlutastarfi yfir vetrartímann. Einar Bjartur Egilsson var í fullu starfi frá maílokum til ágústloka sem safnvörður. Hanna Kristín Pétursdóttir var í hálfu starfi yfir sumarmánuðina. Svo hafa Sigríður Stefánsdóttir, Svanhildur Björg Pétursdóttir og Stefán Jón Pétursson hlaupið undir bagga þegar á hefur þurft að halda. Launað vinnuframlag starfsmanna samsvarar um tveimur ársverkum.

Í stjórn Fuglasafns Sigurgeirs sitja:

Ólöf Ýrr Atladóttir, formaður
Álfdís Stefánsdóttir, varaformaður
Sigríður Stefánsdóttir, ritari
Pétur Bjarni Gíslason, gjaldkeri

Stefanía Stefánsdóttir, meðstjórnandi
Aðalbjörg Stefánsdóttir, varamaður
Axel Stefánsson, varamaður
Hanna Kristín Pétursdóttir, varamaður




Mynd 2 Starfsfólk fuglasafnsins í sumar

Aðsókn

Aðsóknin kom okkur aftur á óvart eins og árið 2008. Okkar fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir um 3.000 manns annað árið en eftir aðsóknina á síðasta ári þá uppfærðum við áætlunina og ætluðum að fá 6.000 gesti árið 2009 og héldum við að við værum nokkuð bjartsýn í þessari áætlun. Það komu rétt um 11.500 manns í safnið á árinu, langt umfram allar væntingar.



Eins og sjá má á línuritinu eru flestir að koma í júlí, svo í ágúst, næst í júní, maí og september eru nokkuð svipaðir.



Við brutum gestakomurnar enn frekar niður til að sjá hvaða vikur væru vinsælastar til að heimsækja okkur. Það kom svo sem ekki á óvart að það eru flestir að koma í lok júlí og byrjun ágúst. Ef við skoðum svo hvaða vikudaga fólk er að koma þá eru helgarnar vinsælastar en hinir dagarnir nokkuð jafnir.

Gestirnir sem heimsóttu safnið eru frá um 46 þjóðlöndum og á línuriti má sjá hver fjöldin er frá hverju landi. Íslendingarnir eru langfjölmennastir. Þjóðir með 100 gesti eða fleiri eru Bandaríkin, Belgía, Danmörk, England, Frakkland, Holland, Ítalía, Noregur, Swiss, Svíþjóð og Þýskaland.

Ársskýrsla 2009



Húsnæði

Húsnæðið sjálft var klárað á síðasta ári en talsvert var eftir í ýmiskonar frágangi, sérstaklega útivið. Vegurinn að safninu og bílastæði voru kláruð og klædd slitlagi. Hraunhleðslan kláraðist og kemur sérlega vel út. Skilti heim við safn voru sett upp sem og fánastengur.

Sýningarsalurinn er góður en á fjölmennustu dögnum er orðið nokkuð þröngt þar inni. Veitingasalurinn er einnig of lítill og þar er oft þröngt á þingi. Bátaskýlið kemur vel út og er að fá góða dóma þó eftir sé að setja upp allar merkingar ofl. Geymsluaðstöðu þarf að bæta.



Mynd 3 Hraunveggurinn úti er alveg stórglæsilegur

Safnkostur

Safnkosturinn er um 330 uppstoppaðir fuglar, 500 egg og um 50 gripir í bátaskýlinu. Í sýningunni eru um 180 fuglar, 400 egg og allir munirnir í bátaskýlinu.

Það sem bættist við á árinu er uppstoppaður íslenskur hani, gjöf frá Baldursheimsfólki. Uppstoppaður kólimbri fugl, gjöf frá Jóhanni S. Walderhaug. Fálki, gjöf frá Árna Vilhjálmssyni. Það á svo að smíða utan um fálkann og setja hann upp í upplýsingamiðstöðinni. Fálki sem Margrét Þórhallsdóttir gaf til minningar um Þorstein Þorsteinsson frá Geiteyjarströnd.

Skráningarkerfi

Það er ekkert skráningarforrit til fyrir náttúrugripi sem við vitum um enn sem komið er. Það er samt eitt forrit í þróun sem byggir á File Maker en við bíðum bara eftir að það verði klárt. Við höfum skráð alla fuglana og eggin í Excel forrit. Ég áætla að það sé um 30% af þeirri vinnu lokið.

Munina í bátaskýlinu er ætlunin að skrá í Sarp. Það kostar mikið að fá aðgang að Sarpi og finnst okkur það of dýrt fyrir ekki fleiri gripi. Því er það í skoðun að skrá þessa muni í samvinnu við önnur söfn.

Varðveisla

Hitastýring er góð bæði í geymslu og safnrými. Öryggiskerfi og brunakerfi eru af fullkomnustu gerð og tengd beint við Securitas. Við þurfum aðeins að bæta hjá okkur geymsluaðstöðuna en þrátt fyrir það eru allir gripirnir í góðri og öruggri vörslu.

Rannsóknir

Við erum í samstarfi við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn í rannsóknarvinnunni okkar.

Álftir voru taldar á hverjum mánudagsmorgni í allt sumar. Það var gaman að sjá þróunina síðustu tveggja ára á fjöldanum, um varptímamann eru hér aðeins 2 pör en eftir hann voru allt upp í 230 fuglar á vikinni árið 2008 en um 170 árið 2009, sjá línurit. Í viku 27 kemur mikil lægð í fjöldann árið 2009 en það er vegna þess að bændur girtu Bárana af á vatnsbakkanum svo álftirnar kæmust ekki inn á túnið, en svo fjölgaði þeim fljótlega aftur. Til að skoða flórgoðavarp var vatnsbakkinn genginn frá Raufarhól að túngarði við Syðri Neslönd. Þetta er mikil og erfið vinna og komu starfsmenn úr þeim göngum vel bitnir af flóm og mývargi. Á þessu svæði verptu 12 flórgoðapör og 1 við Kýrhólatjörnina en tjarnir voru ekki gengnar skipulega.




Mynd 4. Íslenskur hani

Það var fylgst með eggjatöku úr hólmunum á vikinni en náðum ekki að skrá fjölda hreiðra eða hvaða fuglar voru að verpa.

Svo höfum við einnig verið að skoða upplýsingar um veiðarfæri fyrri tíma sem voru notuð í Mývatni. Saga Slepnis hefur líka verið í skoðun.

Ársskýrsla 2009

Fjöldi álfta á Neslandavík 2008 og 2009



Miðlun

Það er ein aðalsýning þar sem fuglarnir og eggin eru. Sýningin í bátaskýlinu er ekki klár ennþá en það er verið að vinna í henni. Það hefur verið útbúið mjög gott fræðsluefni um fugla eins og áður hefur komið fram fyrir skóla frá leikskólastigi og upp í framhaldsskóla. Gefum út bækling á 7 tungumálum og höldum úti heimasíðu. Rannsóknarniðurstöður eru birtar á heimasíðunni og voru líka sendar til Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn. Áfram var unnið í margmiðlunarefninu en það vantar fjármagn til að koma því verki áfram.



Mynd 5 Unnur Jökulsdóttir frá Náttúruvísindisstofnunarstöðinni við Mývatn að færa safninu kúluskít

Önnur þjónusta

Erum með tvo fuglakíkja í veitingasalnum sem vekja mikla ánægju gesta enda gaman að horfa á fuglalífið fyrir framan safnið. Það er mikill áhugi á því að auka þjónustu við fuglaáhugafólk og til þess er meðal annars ætlunin að setja upp fuglaskoðunarhús. Það er búið að smíða þrjú fuglaskoðunarhús og önnur tvö í vinnslu. Eitt hús er komið á sinn stað við Neslandavíkina og komið leyfi fyrir húsi við Raufarhólinn. Svo er verið að vinna í því að fá leyfi fyrir hinum húsunum. Við gáfum út fuglaskoðunarbækling og útbjuggum leik í kringum það þetta varð vinsælt og tóku margir þátt í leiknum.

Settum upp myndavél út í hólma sem hægt er að fjarstýra með þessari vél er hægt að skoða fugla á hreiðri eða syndandi á vatninu. Þetta er vönduð vél sem hægt er að snúa í 360° og með mikinn aðdrátt. Myndin sést svo á skjá í safninu og er mjög vinsælt að horfa á lífið á vatninu.

Við höfum fuglabækur á staðnum fyrir gesti svo þeir geti fræðst um fuglana og áttað sig á því hvaða fuglar eru út á vikinni. Við seljum kaffi af ýmsum gerðum og svo brauð á þjóðlegu nótunum, hverabakað rúgbrauð með reyktum silungi, flatbrauð með hangikjöti, vöflur bakaðar á staðnum, kleinur ofl. Einnig er á boðstólnum gos, súkkulaði, bjór, léttvín, ávaxtadrykkir ofl. Við veitum ráðgjöf eins og við getum til fuglaskoðunar, hvenær og hvar er líklegt að finna ákveðna fugla.

Við höldum eina ráðstefnu um fuglaskoðun á svæðinu. Ráðstefnan var stíluð á ferðaþjónustuaðila með það að markmiði að þeir gætu svarað gestum á sviði fugla. Fyrirlesari var Þorkell Lindberg frá Náttúrustofu Þingeyinga og mættu 12 manns á fyrirlesturinn og mæltist hann vel fyrir.




Mynd 6 Þrjár kanadagæsir sem sástu hér í Mývatnssveit í haust

Ársskýrsla 2009


Rekstur

Rekstur safnsins gekk vonum framar. Fjöldi gesta í safnið endaði í 11.429 á árinu, af þeim eru 9.530 gestir greiðandi. Það eru þá 1.899 gestir sem fá frítt inn, það eru börn, leiðsögumenn og aðrir boðsgestir.

Rekstrartekjur, þe tekjur fyrir utan styrki, voru 9.029.492 kr og er aðgangseyrir 71% af því.




Aðrar tekjur skiptast eins og línuritíð hér að neðan sýnir en þarna á eftir að taka tillit til gjalda á móti. Þegar það hefur verið gert er ljóst að það eru veitingarnar sem eru að gefa mest af sér.



Ársskýrsla 2009

Gjöldin fyrir utan fjárfestingar eru 11.034.172 kr sem skiptast í rekstrarvörur 1.897.934 kr, þjónusta 715.473 kr, annar rekstrarkostnaður 1.751.405 kr og laun og launatengd gjöld 6.669.360 kr. Af hreinum rekstri er rétt ríflega 2 milljóna króna tap sem segir okkur að við þurfum að gera enn betur, ná upp tekjunum því ég held að það sé ekki hægt að gera þetta á ódýrari hátt en við erum að gera. Á línuritinu má sjá helstu kostnaðarliðina sundurliðaða, auglýsingar fara ansi hátt á ritinu en inni í þeim kostnaði eru bæklingarnir.



Tekjur á hvern gest er 790 kr og við þurfum að einbeita okkur í því að hækka þá tölu.

Fjárfestingar á árinu voru rétt tæpar 6 milljónir og voru þeir fjármunir teknir af eigin fé og svo fengum við einnig styrki í þær.

Safnið gerðist þátttakandi í upplýsingamiðstöðinni í Mývatnssveit á árinu, á það að auðvelda okkur aðeins markaðssetninguna.

Mat á starfssemi

Gestir eru mjög ánægðir þegar þeir fara frá okkur og hæla safninu í hástert. Það er mikil viðurkenning þegar fólk kemur til okkar og segist engan áhuga hafa á fuglum en dvelur svo jafnvel klukkutímum saman inni í safninu. Þetta segir okkur að safnið er mjög áhugavert og vel upp sett. Það var einnig mikill heiður á fá nýsköpunarverðlaun frá Samtökum Ferðapjónustunnar.

Þó sýningin í bátaskýlinu sé ekki tilbúin þá hefur hún vakið mikla athygli og lof. Við hlökkum til að sýna bátaskýlið þegar sýningin er full klár sem verður vonandi á fyrri hluta ársins 2010.

Það er mikill áfangi að geta boðið upp á fuglaskoðun en þessa þjónustu hefur alveg vantað í Mývatnssveit.

Myndavélin í hólmanum hefur líka slegið í gegn og er mjög vinsælt að horfa á lífið á vatninu.

Það sem komið er sýnir að við erum á réttri leið en það er hægt að gera margt til að safnið verði enn áhuga- og eftirsóknarverðara.

Næstu skref

- Við þurfum að klára sýninguna í bátaskýlinu, smá frágang á lóð og að setja upp skilti.
- Undirbúa vel rannsóknarvinnuna og gera hana faglegri og víðtækari.
- Í kynningarmálum þurfum við að koma okkur betur á framfæri hjá ferðaskrifstofum og öðrum þjónustuaðilum.
- Heimasíðuna verður að setja á fleiri tungumál og vera dugleg að setja inn fréttir og annað efni. Búa til góða fuglaskoðunarsíðu.
- Klára að setja upp fuglaskoðunarhúsin og koma þeim á framfæri.



Mynd 7 Fuglaskoðunarskýli í Neslandavík

- Finna fjármagn og koma margmiðlunarefniinu í gang. Held að það sé mjög mikilvæg viðbót við safnið að hafa öflugt og gott margmiðlunarefni til fræðslu og skemmtunar.



Ársskýrsla 2009

Lokaorð

Við heyrðum margar efasemdarraddir þegar það fréttist að við ætluðum að byggja alvöru fuglasafn í Neslöndum. Margir sáu staðsetningunni allt til foráttu þegar aðrir sögðu þetta tóma vitleysu að fara út í svona stórt verkefni, þetta færi allt beint á hausinn.

Með því að vinna faglega að uppbyggingunni erum við með stórkostlegann hlut í höndunum, hús sem er algjört listaverk og náttúrugripasýningu á heimsmælikvarða. Frábæra staðsetningu þar sem hægt er að fylgjast með lífinu á vatninu beint úr safninu. Fjöldi gesta fór langt fram úr væntingum strax þetta fyrsta heila rekstrarár og umsagnir þeirra eru bara jákvæðar.

Ef rétt er haldið á spilunum með þessa vöru þá á að vera hægt að reka safnið þannig að það standi undir viðhaldi og rekstri hjálparlaust fljótlega.

Pétur Bjarni Gíslason